

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 877/2018 og reglum nr. 492/2001, um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

#### I. Breytingar á reglum nr. 877/2018.

1. gr.

Í stað „1. nóvember 2018“ í 5. gr., um gildistöku o.fl., kemur: 1. febrúar 2019.

#### II. Breytingar á reglum nr. 492/2001.

2. gr.

Eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða bætist við reglurnar, sem verður ný 2. mgr. 7. gr. reglnanna, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 4. gr. er ríkissjóði heimilt að gefa út verðtryggð ríkisverðbréf þótt minna en fimm ár séu til gjalddaga.

#### III. Gildistaka o.fl.

3. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt heimild í 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 38 frá 26. maí 2001, og sem hafa verið samþykktar af fjármála- og efnahagsráðherra, sbr. 1. mgr. 15. gr. sömu laga; öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 29. október 2018.

*Seðlabanki Íslands,*

**Rannveig Sigurðardóttir**  
aðstoðarseðlabankastjóri.

**Sigríður Logadóttir**  
aðallögfræðingur.

#### Fylgiskjal.

#### Samþykki ráðherra.

Með vísan til 1. mgr. 15. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu hefur fjármála- og efnahagsráðherra samþykkt reglur Seðlabanka Íslands um breytingu á reglum nr. 877/2018 og reglum nr. 492/2001, um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 29. október 2018.*

F. h. r.

**Guðrún Þorleifsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Guðmundur Kári Kárason.*